



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

6. desember 2010

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, og lögum nr. 87/2004, um olugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum (kerfisbreyting í skattlagningu ökutækja), 197. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA), Samtök iðnaðarins (SI) og Samtök verslunar og þjónustu (SVP) hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp. Markmið frumvarpsins er m.a. að breyta skattlagningu ökutækja og eldsneytis að því er varðar viðmið skattlagningar með það að leiðarljósi að hvetja til nokunar vistvænna ökutækja, orkusparnaðar, minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda og aukinnar notkunar innlendra orkugjafa.

SI og SVP skiluðu umsögnum um drög að frumvarpi á fyrri stigum. Í umsögn SI um drögin var lagt til að undanþága frá bifreiðagjaldi næði til ökutækja sem breytt hefur verið héraðis til að ganga fyrir metangasi, auk þess sem gerð var tillaga um breytta framsetningu á gjaldbilum í 1. gr. Í umsögn SVP var því hins vegar mótmælt að gert væri ráð fyrir að ökutæki sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga, að heildarþyngd 5 tonn eða minni, skyldu ekki njóta sérstaks lægra vörugjalds og að ætlunin væri að miða bifreiðagjald ökutækja, sem eru að eigin þyngd meira en 3500 kg, við þyngd en ekki losun koltvísýrings.

Í frumvarpi því sem lagt hefur verið fram er tekið tillit til efnislegra athugasemda SI og SVP. SA, SI og SVP gera ekki frekari athugasemdir við efni frumvarpsins, en benda á að kerfisbreytingar á skattlagningu ökutækja geta komið þungt niður á fyrirtækjum.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. SVP - Samtaka verslunar og þjónustu

Guðjón Axel Guðjónsson

Andrés Magnússon

f.h. Samtaka iðnaðarins

Árni Jóhannsson